

# Réttarstaða dýra á Íslandi

## Almennt

Eftir því sem samfélagsvitund og náttúruvernd fleytir fram hafa komið fram réttmætar kröfur um aukna velferð dýra. Áhugamannasamtök um dýravelferð hafa verið þar í forystu og horft sérstaklega til bættrar réttarstöðu eldisdýra sem háð eru altæku valdi mannsins. Þar er lögð áhersla á að réttarbót dýrunum til handa og breyttar neysluvenjur almennings séu nauðsynlegar ef snúa á við þeirri óheillaþróun sem felst í nútíma verksmiðjubúskap og gríðarlegri magnframleiðslu landbúnaðarafurða. Alkunna er að við slíkar aðstæður er eðlislægum þörfum eldisdýra ekki sinnt og að oftar en ekki búi þau við óbærilegar aðstæður og kvalræði þann tíma sem þau draga lífsandann.

Áhugasamtök um bættu dýravelferð telja það stríða gegn siðferðisvitund hugsandi manna að búa dýrum, villtum sem tömdum, aðstæður sem valdi þeim langvinnu og sáru kvalræði. Ekki sé boðlegt í nútíma samfélagi að í hagnaðarskyni og til að þjóna þörfum mannsins þurfi eldisdýrin að þola grimmuðlega og sársaukafulla meðferð, hvort sem um er að ræða aðferðir varðandi aðbúnað þeirra, afurðaaukandi aðgerðir á þeim eða við aflífun þeirra.

Síaukin og skefjalas ásókn neytenda í dýraafurðir og kröfur um lágt verð þeirra, eykur meir en orðið er á eynd eldisdýrana. Því er brýn nauðsyn að grípa í taumana áður en núverandi ástand versnar og festist í sessi. Dýraverndarsamtök og áhugasamtök um velferð eldisdýra og lífræna ræktun dýraafurða telja mikilvægt að dýrunum sé færð réttarbót með því að tiltaka í stjórnskrá Íslands tiltekin grundvallarréttindi þeirra sem veiti þeim frelsi undan áþjón og kvalræði.

Í eftirfarandi eru færð rök fyrir því að dýr séu skyni gæddar verur sem upplifi umhverfi sitt og aðbúnað á sama eða svipaðan hátt og mannskepnan.

## Samantekt, helstu rök fyrir bættri réttarstöðu dýra:

- dýr búa yfir tilfinningum og sjálfsvitund á líkan hátt og mannskepnan:**
  - þau skynja ótta og sársauka, áþjón og vanlíðan
  - þau skynja gleði og vellíðan, umhyggju og nærgætni
  - þau hafa sjálfsvitund og skynja stöðu sína innan hóps
  - þau eru forvitin og athugul
  - þau eru skyni gæddar verur og ber að umgangast sem slíkar
- tilfinninga- og náttúrugreind dýra og manna er grundvöllur þróunar tegundanna:**
  - hún gerir þeim kleift að lifa af í náttúrunni
  - hún er helsti hvati sjálfsbjargarviðleitni þeirra og lífsvilja ásamt óttatilfinningu og sársaukaskyni
  - hún grunnur lífsréttinda þeirra og frelsis undan áþjón og kvalræði
- sökum stöðu sinnar í lífríkinu ber maðurinn ríkar siðferðislegar skyldur gagnvart öllu lífi:**
  - honum ber sérstaklega að huga að velferð dýra sem hann hefur í umsjá sinni
  - honum ber að huga að eðlislægum þörfum dýra sem hann hefur í umsjón sinni
  - honum ber að sjá dýrum sem eru á hans forræði fyrir skjóli og næringu við hæfi
  - honum ber að stuðla að verndun villtra dýra og tryggja að kjörlendi þeirra sé ekki spillt
  - honum ber að tryggja að villtum dýrum sé ekki haldið við langvarandi þvingandi aðstæður, t.d. í búrum og í dýragörðum

## Þróun tegundanna

Dýrategundirnar, þar með talin mannskepnan, eru afrakstur árbilljóna þróunar lífs á jörðinni. Í geysilangri jarðsögunni hafa dýrategundirnar þróað með sér eiginleika, bæði vitsmunalega og líkamlega, sem gera þeim kleift að lifa af í því umhverfi sem þeim er búið hverju sinni. Náttúrugreind og sjálfsvitund eru þeir sterku lífshvatar sem miklu ráða varðandi afkomu og þróun tegundanna.

Dýrin nota eðlisþróaða náttúrugreind sína til að skynja og skilgreina umhverfi sitt, velja sér fæðu og búsetu við hæfi og greina aðsteðjandi hættur. Sjálfsvitund, forvitni, ótti og sársaukaskyn eru lykilþættir varðandi afkomufærni dýra og manna. Dýrin eru því á sama hátt og maðurinn skyni gæddar verur og bera að meðhöndla til samræmis við það.

## Náttúru- og tilfinningagreind

Náttúru- og tilfinningagreind dýrategundanna og vitund um aðsteðjandi hættur ásamt sterkum lífsvilja og því að óttast og forðast sársauka, er grundvöllur tilveru þeirra. Náttúrugreindin gerir dýrategundunum kleift að greina umhverfi sitt og að velja sér kjörlendi við hæfi þar sem tilhlýðileg fæðu- og búsetuskilyrði eru fyrir hendi. Hún gerir þeim jafnframt kleift að greina á milli næringarríkrar fæðu og óætis.

Tilfinningagreindin er grundvöllur samfélagshegðunar þeirra og gerir dýrategundum kleift að lifa í hópum og leita sér verndar og samfélags hverju af öðru. Dæmi eru um það í dýraríkinu að óskyldir einstaklingar sömu tegundar bindist tryggðar- og tilfinningaböndum ævilangt og skipti með sér uppeldi og vernd ungvíðis síns. Óræk sönnun skyldleika náttúru- og tilfinningagreindar dýra og manna er einmitt umhyggja þeirra gagnvart ungvíði, ásamt skilyrðislausri fórnvísi komi til þess að hættur steðji að því.

Þau dýr sem í almennu tali eru kölluð húsdýr hafa þróað með sér tilfinningagreind sem svipar til þeirrar sem maðurinn býr yfir. Leiða má að því líkum að mannskepnan hafi með vali sínu á dýrategundum til afurðanýtingar eða félagsskapar haft mikið að segja um þróun tilfinningagreindar húsdýrana. Hann valdi sér til samfélags dýrategundir sem voru viðráðanlegar og síður líklegar til að flýja sambýlið við hann ásamt því að velja til undaneldis einstaklinga sem bjuggu yfir eðliseiginleikum sem voru honum að skapi. Val mannsins á einstaklingum meðal húsdýrana sem bjuggu yfir tilfinningagreind sem svipaði til hans sjálfs réði miklu um þróun þeirra. Niðurstöður vísindarannsókna síðari tíma sýna glöggframtíð á áhrif mannsins á þróun ákveðinna dýrategunda, þ.e. húsdýrana, með slíku handvali einstaklinga innan tegundarinnar til undaneldis.

Eðlilegt er því að álykta að húsdýrin og þar með talin eldisdýrin hafi sömu eða svipaða tilfinningagreind og maðurinn og skynji ótta, ógn og sársauka á svipaðan hátt og hann. Að gefa sér það til friðþægingar að eldisdýrin séu skynlausar skepnur og að þau megi halda við langvarandi kvalræði og beita grimmúðlegum aðferðum við meðhöndlun þeirra er óboðlegt siðleysi í mannlegu samfélagi. Séu menn í vafa um það hvort dýrin séu skyni gæddar verur eða ekki ber skilyrðislaus að túlka þann vafa dýrunum í vil, annað er skefjalaus ómennska sem veldur ómældu kvalræði fyrir dýrin og þar með stórskada í dýraríkinu.

### **Landbúnaður og eldisdýr**

Á undangengnum hundrað árum, hefur landbúnaður og dýraeldi tekið stórstígu breytingum. Framleiðslueiningar hafa stækkað gífurlega og útiganga eldisdýra hefur að sama skapi verið takmörkuð það mikið að í raun er um verksmiðjuframleiðslu að ræða og eldisdýrin því meðhöndluð sem skynlausar afurðaeiningar. Í slíkum rekstri er sífellt þrengt að eldisdýrunum og eðlislægum þörfum þeirra varðandi rými, hreyfingu og aðbúnað er ekki sinnt. Mörg þeirra koma aldrei út undir bert loft á skammri ævi, sjá aldrei sólarljós og oft á tíðum er skelfilegum aðferðum beitt við aðgerðir á þeim og við aflífun þeirra. Þrýstingur varðandi útflutning eldisdýra á fæti til annarra menningarsvæða eykst en þar bíða þeirra grimmúðlegar aflifunaraðferðir, aðferðir sem hér á landi eru eða eiga að vera bannaðar.

Sífelld berast upplýsingar um skelfilega meðferð eldisdýra, hér sem og annarstaðar. Svo virðist sem framleiðendur dýraafurða hér á landi komist upp með að brjóta lög sem kveða á um velferð dýra og ljóst er að eftirlitsaðilar og yfirvöld sem ábyrgð bera eru ekki í stakk búin til að taka á slíkum málum og veita dýrunum þá vernd sem andi laganna kveður á um. Þessu þarf að breyta sem fyrst og bæta réttarstöðu eldisdýra sem eiga sér fáa ef nokkra málsvara og hafa engin ráð til að berjast fyrir slíku sjálf.

Ástandið mun versna ef ekkert verður að gert. Vaxandi hagvöxtur í þróunarríkjunum er talin muni leiða af sér auknar kröfur um aðgang að dýraafurðum. Líklegt er að aukin áhersla á afköst framleiðslueininga í landbúnaði muni skerða lífsgæði eldisdýra enn frekar en orðið er. Gegn þessari þróun þarf að sporna og styrkja réttarstöðu eldisdýra á heimsvísu og snúa landbúnaði í átt til lífrænna framleiðsluaðferða og aukinnar velferðar búfjár. Snúa þarf af braut verksmiðjubúskapar og ekki ásættanlegt í siðferðilegu tilliti að leggja meiri áþjón á eldisdýr en þegar er gert, nægt er það kvalræði sem þeim er búið við núverandi aðstæður. Íslendingar hafa tækifæri til að skapa sér sérstöðu hvað þetta varðar með veglegri réttarbót málausum dýrunum til handa með skýrum ákvæðum í stjórnarskrá.

### **Náttúru- og dýravernd**

Á undanföllum áratugum hafa viðhorf til náttúru og dýralífs tekið stórstígu framförum. Maðurinn gerir sér sífellt betur grein fyrir áhrifum sínum í viðkvæmu lífríki jarðar. Fjölmennar og öflugar alþjóðlegar hreyfingar berjast fyrir hagsmunum náttúru og villts dýralífs. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun er þó einn hópur dýra afskiptur þegar fjallað er um verndun náttúru- og dýralífs en það eru eldisdýrin. Þar skýtur skökku við því hvergi hefur altækur ráðstöfunarréttur manna yfir lífi og velferð dýra meiri og skelfilegri afleiðingar en einmitt í þeim geira.

Hvað veldur því að svo lítið fer fyrir umfjöllun um þennan mikilvæga málaflokk? Það er jafnvel svo að þegar fjallað eru um áhrif mannsins á náttúru jarðar og hlýnun andrúmslofts, að látið er hjá líða að tiltaka stórtæk áhrif síaukinnar framleiðslu og neyslu landbúnaðarafurða. Veigrar almenningur sér við umfjöllun um velferð eldisdýra? Þykir það ef til vill óþægileg nálgun og að ósamrýmanlegt sé að berjast fyrir hagsmunum eldisdýra á sama tíma og afurða þeirra er neytt, þau falli hvort eð er í valinn í þágu almennings? Halda fjölmiðlar sig til hlés í umræðunni til að verða ekki af auglýsingatekjum framleiðenda og seljenda dýraafurða? Koðna stjórnámálmenn undan þrýstingi sérhagsmunaafla og láti sem þeir skynji ekki hljóðlaust ákalla dýranna um miskunn?

Ef bæta hlutskipti eldisdýranna og veita þeim varnarlausum skjól og vernd gegn grimmúðlegri meðferð þarf sterka löggjöf þeim til handa. Ef árangur á að nást á þessu sviði þarf stjórnarskrá Íslands að innihalda skýr ákvæði um réttindi dýra og skyldur mannsins gagnvart þeim. Almenn löggjöf þarf síðan að taka mið af slíkum stjórnarskrárbundnum ákvæðum dýrunum til varnar. Ekki veitir af og nú er lag að bæta réttarstöðu og þar með hag málsvaralausra eldisdýranna.

### **Ákvæði í stjórnarskrá Íslands**

Þess er hér með góðfúslega farið á leit við stjórnlagaráð að það beiti sér fyrir bættri réttarstöðu dýra á Íslandi. Í þeim tilgangi verði til grein í nýrri stjórnarskrá Íslands með eftirfarandi ákvæðum:

#### **xx. Dýravernd**

*Dýr búa yfir þróaðri tilfinningagreind og sjálfsvitund og eru því skyni gæddar verur.*

*Með lögum skal tryggja réttindi dýra samkvæmt eftirfarandi:*

*Manninum er skylt að sjá til þess að eðlislægum þörfum dýra sem hann hefur á forræði sínu sé fullnægt*

*Manninum ber að tryggja að dýrum, villtum sem tömdum, sé ekki haldið við þvingandi og kvalafullar aðstæður*

*Manninum ber að stuðla að verndun villtra dýra og tryggja að kjörlendi þeirra sé ekki spillt*

Óskar H. Valtýsson

félagi í Dýraverndarsambandi Íslands

kt.: 180152-2379

Jórsalir 18

201, Kópavogur